


# Frá vöggu til grafar



## Fjölskyldustefna í Stykkishólmi 2010 - 2014

I. útgáfa 2010

Inngangur .....	3
Um fjölskyldustefnu Stykkishólms .....	5
Meginmarkmið .....	6
Fjölskyldustefna Stykkishólms .....	7
Lokaorð .....	10
Listi yfir fylgiskjöl .....	10

Stýrihópur um mótun fjölskyldustefnu var skipaður af Bæjarstjórn Stykkishólms árið 2007. Í hópinn voru skipuð þau Ingi Berg Ingason, Guðný Pálsdóttir og Anna Melsteð sem jafnframt var skipaður formaður.

Haustið 2007 var fyrsti opni fundurinn haldinn um fjölskyldustefnu þar sem boðaðir voru fundarmenn með breiða skírskotun til samfélagsins. Björg Ágústsdóttir ráðgjafi og fv. Bæjarstjóri í Grundarfirði hélt erindi á fundinum og kynnti hvernig vinna hefði farið fram við mótun fjölskyldustefnu í Grundarfirði og einnig hvernig reynslan af þeirri vinnu hefði nýst verkefnisstjórum við gerð fjölskyldustefnunnar.

Stýrihópur fundaði nokkuð reglulega veturinn 2007-2008 og safnaði saman upplýsingum um fjölskyldustefnur sveitarfélaga víða um landið auk þess sem víðar var leitað fanga og ráða við söfnun upplýsinga til vinnunnar. Niðurstaða stýrihóps varð sú að fjölskyldustefna Stykkishólms skyldi tilheyra öllum aldurshópum í sveitarfélaginu.

Veturinn 2008-2009 voru kallaðir til hópastjórar sem starfa myndu með stýrihópnum 1-2 í hverjum aldursflokki sem voru fimm, 15. ára og yngri, 16-20 ára, 21-40 ára, 41-60 ára og 61 árs og eldri.

Formaður tók að sér verkefnisstjórn við mótun fjölskyldustefnunnar.

Vorið 2009 var gerð könnun meðal íbúa í Stykkishólmi um mat þeirra á hversu fjölskylduvænt þeirra samfélag væri. Voru þátttakendur beðnir um að meta fullyrðingar sem settar voru fram í 12 köflum.

Kaflarnir báru eftirfarandi heiti:

1. Hverfi
2. Skólar
3. Leikvellir, garðar og opin svæði
4. Öryggi
5. Heilsa og vellíðan
6. Félagsþjóstusta
7. Foreldrahlutverk
8. Börn
9. Unglingar og ungt fólk
10. Eldri borgarar
11. Vinnustaðir
12. Þátttaka og stuðningur hins opinbera

Niðurstöður könnunarinnar voru innlegg í vinnu sem fór fram um haustið með þátttöku íbúa. Haustið 2009 var kallað til opins fundar um fjölskyldumál. Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar ásamt starfsfólki sínu kynnti mjög áhugaverða sýn og stefnu Reykjanesbæjar í málefnum fjölskyldunnar. Á seinni tvo fundina sem haldnir voru sömu viku kom svo Guðný Eydal deildarforseti í félagsfræði við HÍ með innlegg og starfaði með hópastjórum auk þess sem niðurstöður könnunarinnar frá vorinu voru kynntar. Fundarmenn skiptu sér í hópa og unnu og ræddu út frá könnuninni hugmyndir um sem viðkoma fjölskyldum og var öllum tillögum safnað saman í lok seinni fundarins. Allir fundir voru opnir bæjarbúum.

Verkefnisstjóri tók saman gögn af fundunum og setti saman í fyrstu drög um mótun fjölskyldustefnu sem var síðan fullmótuð í samstarfi við hópastjóra í febrúar og mars 2010.

Hópastjórar voru: Sigurborg Sturludóttir, Helga Sveinsdóttir, María Valdimarsdóttir, Ingi Berg Ingason, Hanna Jónsdóttir, Gyða Steinsdóttir, Haukur Garðarsson, Gunnar Eiríkur Hauksson.

Lokadrögin voru lögð fram til kynningar í mars 2010.


# Um fjölskyldustefnu í Stykkishólmi

- Eins og margoft hefur verið sagt, í ræðu og riti, þá er fjölskyldan hornsteinn samfélagsins og grunneining þess.
- Fjölskyldan gegnir lykilhlutverki í lífi sérhvers manns og því er gríðarlega mikilvægt að hún sé vel í stakk búin til að veita einstaklingum innan hennar góð skilyrði til þroska á öllum sviðum.
- Mjög brýnt er að fjölskyldunni sé veittur stuðningur og svigrúm til að rækja skyldur sínar og uppeldishlutverk.
- Markmið með gerð fjölskyldustefnu fyrir Stykkishólm er að stefnan verði lifandi plagg og jafnframt leiðarljós fyrir fjölskyldur og yfirvöld\* til að byggja á.
- Tilgangur stefnunnar er að skapa heildstæða umgjörð um málefni fjölskyldunnar og taka mið af þörfum hennar á öllum æviskeiðum.
- Fjölskyldustefnunni er einnig ætlað að vera dýrmæt leiðsögn um hvernig eigi að glíma við ný verkefni og viðfangsefni í framtíðinni eða taka á þeim sem fyrir eru.
- Fjölskyldustefnan er leiðarvísir sveitarfélagsins við gerð framkvæmdaáætlana til skemmri og lengri tíma þegar forgangsraða þarf verkefnum og endurnýja eftir því sem markmið nást eða tíðarandi breytist.
- Fjölskyldustefnan er yfirlýsing sveitarfélagsins um mikilvægi þess að koma til móts við fjölskyldur á öllum æviskeiðum með ákvörðunum sínum og þjónustu
- Með því að gera stöðumat á framkvæmd fjölskyldustefnunnar og meta árangur hennar árlega verður hægt að skoða það sem hefur áunnist og læra af því sem betur hefði mátt fara. Í því skyni er lagt til að stöðumat um framkvæmd fjölskyldustefnunnar verði framkvæmt. Stöðumatið verði á ábyrgð íþróttá- og tómstundafulltrúa og því verði skilað í október ár hvert til bæjarstjórnar en stefnan sjálf endurskoðuð og uppfærð á fjögurra ára fresti.

\*Yfirvöld: Bæjaryfirvöld, stjórnendur stofnana og fyrirtækja í bænum.

Fjölskyldustefna í Stykkishólmi er stefna sem snertir líf bæjarbúa á öllum aldri.

Aldursdreifing í Stykkishólmi 1.12.2009



■ Fjöldi 2009

- Fjölskyldustefnunni er ætlað að vera tæki fyrir stjórnendur og stofnanir bæjarfélagsins og þeirra stofnana auk fyrirtækja og félagasamtaka, sem koma að velferð fjölskyldunnar á einn eða annan hátt, til að sinna skyldum sínum gagnvart íbúum bæjarfélagsins og til að byggja upp gott fjölskylduvænt samfélag og stuðla að auknum lífsgæðum.
- Fjölskyldustefnunni er ætlað að vera leiðarljós fyrir íbúa til að búa fjölskyldum sínum sem best skilyrði til velferðar og þroska.
- Fjölskyldustefnan á að skapa forsendur til þess að einstaklingar fái vaxið í heilsteyptu umhverfi sem auðveldar þeim að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.
- Fjölskyldustefnan á að auka virðingu, kurteisi, fræðslu (t.d. um fordóma og einelti) og samfélagslega ábyrgð við uppeldi barna.
- Fjölskyldustefnan á að stuðla að fræðslu til foreldra og barna þ.m.t. fræðslu til barna um foreldra sem eru fullorðnir eða haldnir sjúkdómum (fræða foreldra um börn og börn um foreldra) Hún á einnig að styðja við uppeldishlutverk foreldra enda eru foreldrar mestu áhrifavaldar í lífi barna sinna.
- Fjölskyldustefnan á að stuðla að því að nýjum íbúum í sveitarfélaginu sé vel tekið og að ákveðin viðbrögð fari í gang þegar nýir íbúar flytjast til bæjarins.
- Fjölskyldustefnan á að tryggja að allir fullorðnir íbúar Stykkishólmsbæjar séu meðvitaðir um samfélagslega ábyrgð við uppeldi barna.
- Starfsmenn og íbúar Stykkishólmsbæjar hafi fjölskyldustefnuna að leiðarljósi og sýni börnum jafnt sem fullorðnum, tilhlýðilega virðingu og kurteisi.
- Fjölskyldustefnan á að gera öldruðum kleift að búa við fullt sjálfstæði eins lengi og kostur er.

Saman getum við gert betur



## Samfélag

1. samvist, samvera 2. Stærri eða smærri hópur manna sem lifa saman (samtímis, á sama stað, í sama ríki o.s.frv.), þjóðfélag

Notkun orðsins samfélag í þessari stefnu vísar til bæjarsamfélagsins í Stykkishólmi og samskipti bæjarbúa og stofnana innan bæjarins (ríkis, sveitarfélags, einkafyrirtækja og félagasamtaka).

## Umhverfi

1. Grennd, nágrenni, landslag í nágrenni einhvers, kringum eitthvað 2. Kringumstæður eða aðstæður manns

Notkun orðsins umhverfi í þessari stefnu vísar til þess umhverfis sem bæjarbúar búa við af völdum annarra bæjarbúa, bæjaryfirvalda, stofnana og fyrirtækja í bæjarfélaginu og ytri þátta.

## Fjölskylda

1. fjölskylda 2. Foreldrar og börn þeirra, húsráðendur og afkomendur þeirra, systkin og skyldulið þeirra > Fjölskyldumeðlimur einstaklingur í fjölskyldu 3. Mikill barnafjöldi

Með notkun orðsins fjölskylda í þessari stefnu er átt við hóp einstaklinga á öllum aldri sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómsfundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum.

**Markmið:** Bæjarbúar, innan hverfa, innan vinnustaða, í félagsskap ýmiskonar, ungir og aldnir eigi samskipti á jákvæðan hátt. Gildi lýðræðis séu í heiðri höfð. Þátttaka í samfélaginu. Einstaklingar/ fjölskyldur geti tekið þátt í mótun, stjórnun, hugmyndafræði samfélagsins og fái hvatningu til að gera slíkt.

## Af hverju?

- Reynsla allra aldurshópa er dýrmæt og hvetur til víðsýni.
- Maður er manns gaman. Með samskiptum græða allir – félagslega.
- Þroskandi.
- Með þátttöku íbúanna verður til betra samfélag.
- Ábyrgð íbúa verður meiri.
- Lýðræði eykst.
- Samtal íbúa og valdhafa/kjörinna fulltrúa/stjórnenda/ er nauðsynlegt hverju samfélagi til að skapa traust og sátt um starfsemina/nútiðina/framtíðina...

## Leiðir:

### Hvernig?

- Skipulögð samvera og samskipti kynslóða t.d. á dvalarheimilinu.
- Ungir kenni öldnum t.d. á tölvur.
- Eldri kenni ungum t.d. handavinnu, kveðskap, matreiðslu o.s.frv.
- Skilaboð séu skýr um vilja yfirvalda og stofnana samfélagsins um þátttöku íbúa í samfélaginu, sama á hvað aldri þeir eru.
- Samskiptaleiðir við valdhafa og stjórnendur séu greiðar og jákvæðar.
- Fræðsla um samfélagslega þjónustu sé í boði.
- Fræðsla um félagsleg réttindi einstaklinga og fjölskyldna sé í boði.
- Félagasamtök geri starfsemi sína sýnilega og hvetji íbúa til þátttöku.
- Íbúar fái hvatningu til að sýna umhyggju gagnvart náunga sínum.
- Félagssprosa íbúa séu ekki takmörk sett, framboð andlegs- og líkamlegs fódurs verði nægt í öllum aldurshópum.

## Ábyrgð:

### Á ábyrgð hvers?

- Opinberra stofnana, sveitarfélagsins, skólastofnana, dvalarheimilis
- Kirkjunnar/trúfélaga
- Félagsstarfs aldraðra
- Félagasamtaka, íþróttafélaga
- Pólítískt kjörinna fulltrúa



Markmið: Aðstaða fjölskyldna sé sem best til að einstaklingar innan hennar og hún sem heild þroskist fram á við. Fordómalaust samfélag, heilbrigð skynsemi, náungakærleikur, virðing, jafnrétti stuðli að því að samfélagið sé góður grunnur fyrir einstaklinga og fjölskyldur til að nærast í.

## Af hverju?

- Viðhalda byggð.
- Sækja fram og reyna að fjölga íbúum með því að skapa vænleg skilyrði fyrir fjölskyldufólk.
- Ytri aðstæður og umhverfi bæjarins nýtur góðs að stefnumörkun sem eykur lífsgæði fjölskyldna.
- Traust fjölskylda sem stendur saman er lífsgildi sem allir vilja heiðra og leiðir gott af sér.
- Svo einstaklingar og fjölskyldur þeirra fái blómstrað í lífinu.
- Lagaskylda.

## Leiðir:

### Hvernig?

- Skólastofnanir ræki hlutverk sitt af alúð og setji þarfir og þroska nemenda sinna í forgang.
- Heilsugæsla, lýðheilsustofnun og aðrar stofnanir með sértæka þjónustu t.d. við fatlaða vaki yfir velferð íbúanna og skjólstaðinga sinna.
- Sveitarfélagið taki mið af þörfum fjölskyldunnar í víðu samhengi við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana sveitarfélagsins.
- Halda uppi atvinnustigi og nýsköpun og styðja við eða bjóða upp á úrræði ef það bregst.
- Styðja við samheldni og einingu fjölskyldna.
- Þegar eitthvað bjátar á – séu stuðningsteymi í viðbragðsstöðu til hjálpar.
- Fordómar verði ekki liðnir.
- Lög og reglur samfélagsins og þjóðarinnar séu leiðarljósið.
- Einstaklingarnir sýni hvor öðrum virðingu og náungakærleik í verki.
- Jafnrétti milli kynja, kynslóða og aldurshópa verði virt.

## Ábyrgð:

### Á ábyrgð hvers?

- Sveitarfélagsins og stofnana þess, nefndum sveitarfélagsins sem fjalla um tengda málaflokka, skólastofnana
- Heilbrigðisstofnana, félags- og skólaþjónustu, svæðisskrifstofu fatlaðra, trúarfélaga, opinberra stofnana s.s. lögreglufirvalda
- Félagssamtaka samfélagsins
- Nágranna, vina

Það sem sett er fram hér sem fjölskyldustefna í Stykkishólmi fyrir árin 2010-2014 er tilraun til að draga fram þarfir og hlutverk fjölskyldna í Stykkishólmi, en einnig skyldur sveitarfélagsins og hlutverk þess í lífi bæjarbúa. Það er ljóst að stefna af þessu tagi verður að taka breytingum eftir því sem tekst að uppfylla hana og eftir því hvernig samfélagið breytist í tímans rás. Það er ósk þeirra sem að þessari stefnu hafa unnið að hún megi verða samfélaginu til framdráttar og til aukinna lífsgæða bæjarbúa allra.

Stykkishólmi, 24. mars 2010

*Anna Melsteð*

Formaður stýrihóps um mótun  
fjölskyldustefnu í Stykkishólmi.

## Fylgiskjal

1. Tillaga að framkvæmd fjölskyldustefnu og samþættingu málaflokka
2. Aðgerðaáætlun
3. Hólmar, ímyndunarsaga
4. Könnun lögð fyrir íbúa Stykkishólms vorið 2009. Spurningar, niðurstöður úr spurningum og svör úr opnum spurningum könnunarinnar.